

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

429. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 22.06.2020, kl.12:30, á skrifstofu SSH, Hamraborg, Kópavogi og í fjarfundi.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Helgi Þór Ingason

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Líf Magneudóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson (fjarfundur). Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri. Gestur fundarins var Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður, ráðgjafi stjórnar og framkvæmdastjóri og Birgir Björn Sigurjónsson sem fulltrúi fjármálahóps.

Tekið fyrir:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra og yfirlit fjármála. Framkvæmdastjóri fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra og skýrði hana í umræðum.
2. Kynning og afgreiðsla þriggja tillagna; Breytt svæðisáætlun (tillaga 1), Fjármögnun framkvæmda (tillaga 2) og Hugmyndafræði grænna gjaldskráa (tillaga 3). Stjórn samþykkti framlagðar tillögur og fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að framgangi þeirra.
3. Önnur mál. Haraldur Flosi upplýsti stjórn um stefnu sem borist hefur frá fyrrum framkvæmdastjóra vegna meintrar ólögmeðrar uppsagnar.

Næsti fundur ákveðinn síðar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 13:30


Bjarni Torfi Álfþórsson Sæl Samþykkt Bkv Bjarni Torfi	Re: 429_stjórnarfundur_SORPU. bs_22.06.2020 til yfirllestur og... þri. 23.6.2020 14:37
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	SV: 429_stjórnarfundur_SORPU. bs_22.06.2020 til yfirllestur og... mán. 22.6.2020 23:14
Jóna Sæmundsdóttir Samþykkt	SV: 429_stjórnarfundur_SORPU. bs_22.06.2020 til yfirllestur og... mán. 22.6.2020 22:35
Birkir Jón Jónsson Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	SV: 429_stjórnarfundur_SORPU. bs_22.06.2020 til yfirllestur og... mán. 22.6.2020 20:58
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Samþykkt Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.	RE: 429_stjórnarfundur_SORPU. bs_22.06.2020 til yfirllestur og... mán. 22.6.2020 20:17
Líf Magneudóttir Samþykkt. Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	SV: 429_stjórnarfundur_SORPU. bs_22.06.2020 til yfirllestur og... mán. 22.6.2020 20:13

Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 428 mánudaginn 22. júní 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund

- Engin sérstök vandamál hafa komið upp í rekstri frá síðasta fundi.
- Töluverð vinna hefur verið lögð í að mæta kröfum um framlagningu tölvupósta frá vorinu 2018 þegar yfir stóð mat á tilboðum verktaka í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Leita þurfti eftir afstöðu hlutaðeigandi lögaðila varðandi framlagningu póstanna. Í þessu samhengi leitaði framkvæmdastjóri eftir almennri álitsbeiðni Sigurðar Más Eggertssonar persónuverndarfulltrúa SORPU um upplýsingarétt skv. upplýsingalögum. Þar kemur m.a. fram: "5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 boðar lögfestan **rétt almennings** til aðgangs að fyrirliggjandi gögnum stjórnvalds með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 6. – 10. gr. laganna. Í lögnum er ekkert skilyrði um að viðkomandi þurfi að rökstyðja eða sýna fram á hvernig hann ætlar sé að nota þær upplýsingar sem liggja fyrir í umbeðnum gögnum og geta stjórnvöld því ekki farið fram á að tilgreindar séu ástæður upplýsingabeiðni. Ef nefndar takmarkanir á upplýsingarétti almennings í 6. – 10. gr. upplýsingalaga eiga aðeins við um hluta gagns skal almennt veita aðgang að öðrum hlutum þess." Það er mat framkvæmdastjóra að ráðast þurfi í töluverða vinnu innan samlagsins til að kanna getu þess að mæta kröfum upplýsingalaga og eftir atvikum innleiða innviði og verklag til að tryggja að mæta megi þeim kröfum með sem hagkvæmustum hætti. Í framhaldi mætti nýta heimildir í 18. gr. Upplýsingalaga um að skilgreina gjaldskrá til að mæta kostnaði við vinnu starfsmanna við að taka saman gögn og afhenda þau.
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) vinnur að útgáfu starfsleyfis fyrir GAJA og gaf út undanþágu til að hefja prófanir í stöðinni, á meðan unnið er að endanlegum frágangi starfsleyfis. Umhverfissráðuneytið gerði athugasemdir við útgáfu HER á þessari undanþágu og var hún þá dregin tilbaka. Um leið var sótt um undanþáguna til Umhverfissráðuneytisins og þar er hún í vinnslu. Vonast er til þess að þessi ágreiningur um valdmörk opinberra stofnana valdi ekki töfum á gangsetningu GAJA, enda er ný vinnslulína MTFS í Gufunesi í prufukeyrslu næstu daga.
- Nýtt skipurit samlagsins er að taka á sig endanlegt form, sjá hjálagða mynd:



Auglýst hefur verið eftir umsóknum í tvær ómannaðar stöður í skipuritinu, sérfræðings í samskiptum og samfélagsvirkni á skrifstofu framkvæmdastjóra, og sérfræðingi í innkaupum á fjármálasviði. Að öðru leyti er þeim skipulagsbreytingum sem staðið hafa yfir lokið.